

Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
17. október 2019

Heiti erindis: [Gróðursetning gróðurs við helstu umferðargötur](#)
Málaflokkur: Umhverfismál
Viðtakandi erindis: Umhverfis- og heilbrigðisráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Já, 1/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 26	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

Lýsing: Að Reykjavíkurborg planti trjám og runnum á allar helstu umferðareyjar, og þá sérstaklega á lengjurnar sem má stundum finna á milli akbrauta, eins og tilfellið er t.d. við Sæbraut. Ekki þurfa tréin eða runnarnir að vera háir og ekki þarf mikið viðhald, enda bara fallegt ef tréin fá að vaxa frjáls.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Magn mengunar og svifryks er orðið afar hátt hér í borg. Tré og gróður er eitt áhrifamesta úrræðið gegn umhverfiságangi. Ekki bara bindur tré CO2 og aðrar gróðurhúsalofttegundir, heldur breytir þeim í súrefni. "Trees are 'our most powerful weapon in the fight against climate change', https://www.independent.co.uk/envir...	Það getur valdið alvarlegu umferðarslysi ef einhver klessir á tré og meiri hluti þeirrar mengunar sem kemur frá umferðinni er ekki CO2 heldur er það svifrik sem tré gera mjög lítið til að bæta.
Fallegur lággróður veldur litlum skaða sé keyrt á hann hann. Virkar frekar sem öryggisgirðing og gæti komið í veg fyrir að bíllinn lendi á bíl sem kemur úr gagnstæðri átt.	
Þetta er frábær hugmynd og auðvelt verkefni fyrir unglíngavinnuna í sumar, til dæmis!	
Þetta er mjög góð hugmynd og reyndar með ólíkindum að ekkert sé gert til að aðskilja gangandi vegfarendur frá umferðinni á umferðapungum götum eins og t.d. Kringlumýrarrabraut og Miklubraut. Lítið gróðurbelti gæti skipt miklu máli og skapað öryggi fyrir gangandi vegfarendur.	

Frábær hugmynd!	
-----------------	--